


Lífriki sjávar



Gulllax

eftir
Vilhelínu Vilhelmsdóttur

GULLLAX

Flokkur

Beinfiskar *Osteichthyes*

Ættbálkur

Sildfiskar *Isospondyli*
(*Clupeiformes*)

Ætt

Gulllaxætt *ARGENTINIDAE*

Tegund

Gulllax Argentina silus
(*Ascanius, 1775*)

Önnur íslensk nöfn: Stóri gulllax

Erlend nöfn


Færeyska: gulllaksur; danska: guldlax; norska: vassild, berglaks, gullaks, stavild; sænska: guldlax; þýska: Goldlachs; franska: grande argentine, saumon doré; enska: greater silver smelt; spænska: sula; portúgalska: argentina dourada.

Lýsing

Gulllaxinn hefur langan bol, stutta sterklega stirtlu og djúpsýldan sporð. Hausinn er tiltölulega stór, kjaftur lítill en augu mjög stór. Hann er með einn stuttan bakugga og veiðiugga á stirtlu. Hreistið er mjög stórt og situr laust. Þess vegna er gulllax sem veiddur er í vörpu sjaldnast með mikið hreistur.

Gulllaxinn er gullitaður á hliðunum, dökkur á baki en ljós á kviði, en þar sem hreistrið dettur auðveldlega af þegar hann er veiddur í vörpu er liturinn grár og lítið eftir af hinum gullfagra lit ósnortins gulllax.

Gulllax getur orðið allstór. Hér



1. mynd. Gulllax (*Argentina silus*).

við land hefur veiðst yfir 70 cm stór gulllax en í veiði er hann algengastur 38–50 cm, þ.e. 8–20 ára fiskur. Lengdardreifing er nokkuð mismunandi eftir svæðum.

Heimkynni


Gulllax er algengur austan hafs og vestan. Útbreiðsla hans nær frá Barentshafi, meðfram vesturströnd Noregs suður í Skagerrak og Norðursjó. Hann er algengur í Biskayafloa, við vesturströnd Bretlands og þaðan norður um til Færeyja og Íslands. Hann finnst í litlum mæli við Grænland. Við austurströnd N-Ameríku er hann algengastur á svæðinu út af

Nova Scotia, en er annars að finna á svæðinu frá sunnanverðu Nýfundnalandi og suður á Georges Bank.


Stofnar

Það er álitid að sérstakir gulllaxstofnar séu á hinum ýmsu svæðum í Norður-Atlantshafi, en óvíst er um samgang milli þeirra.

Talið er að gulllaxinn við Ísland sé sérstakur sjálfbær stofn þar sem hér hafa fundist öll vaxtarstig hans frá eggjum og seiðum til hrygnandi fisks. Gulllax er mjög algengur við Ísland, frá Færeyjahrygg vestur um til Víkuráls (eða NV-lands). Hann er



2. mynd. Útbreiðsla gulllax í N-Atlantshafi.



3. mynd. Útbreiðsla gulllax við Ísland ásamt svæðaskiptingu.

hlýsjávarfiskur og er mest um hann út af Suðvestur- og Suðurlandi en hann finnst sjaldan út af Norður- og Norðausturlandi.

Lífshættir

Mest er um gulllax í 5–7 °C hlýjum sjó og virðist kjörhitinn vera kringum 6 °C. Jafnhitalínur innan þessara hitamarka liggja nokkuð dýpra suður af landinu en undan Vestur- og Suðausturlandi. Þannig er mest um gulllax á 200–500 m dýpi út af Vesturlandi, á 300–400 m dýpi út af SA-landi en á meira en 500 m dýpi suðvestanlands. Af fæðu gulllaxins má ráða, að hann er ekki botnlægur fiskur enda hefur hann veiðst í flotvörpu.


Hrygning

Gulllaxinn við Ísland hrygnir árið um kring en hrygningin er mest í maí til júlí og í nóvember til desember. Hrygningasvæði eru óljós og hrygning virðist eiga sér stað víða á útbreiðslusvæðinu, ekki


síst á svæðinu við Reykjanes-hrygg.

Hængar eru heldur minni en hrygnur þegar þeir verða kynþroska. Um 50 % hænga verða kynþroska 36–37 cm en hrygnur 37–38 cm, sem svarar til þess að hængar séu um 8 ára en hrygnur um 9 ára.

Egg gulllaxins eru tiltölulega stór, 3–3,5 mm og fjöldinn á bilinu 10.000–40.000 stk. Egginn eru djúpsviflæg og það eru seiðin einnig í fyrstu. Nýklakin eru þau um 7,5–8 mm að lengd. Þegar þau hafa fengið útlit fullvaxta gulllax eru þau um 60 mm að lengd.



4. mynd. Gulllaxseiði.



5. mynd. Aldursdreifing á gullaxi eftir kynjum. (Samantekt frá ýmsum árum og svæðum).

Göngur


Lítið er vitað um göngur gullax hér við land. Einhverjar göngur tengjast fæðuöflun. Á sumrum á hann t.d. til að ganga nokkuð norður með landgrunnskantinum

út af Vestfjörðum og jafnvel vestur um meðfram austurgrænslenska landgrunninu. Á veturna heldur hann sig á meira dýpi en á sumrin.


Aldur og vöxtur

Gullax er frekar langlífur og getur orðið yfir 30 ára gamall. Oftast eru margir árgangar í aflanum. Hrygnur virðast vera heldur langlífari en hængar. Gullaxinn vex tiltölulega hratt uns hann nær um 8 ára aldri en eftir það dregur úr vexti. Frá 6 ára aldri vaxa hrygnur heldur hraðar en hængar og er þessi munur orðinn um 2,5 cm við 18 ára aldur. Nýliðun virðist nokkuð jöfn frá ári til árs, því einstaka árgangar skera sig ekki úr. Gullaxinn við Ísland vex hraðar og verður stærri en gullax á öðrum hafsvæðum.

Stór gullax finnst á öllum útbreiðslusvæðum, en mest er um smáfisk út af Suðvesturlandi og austur með suðurströndinni. Á Færeyjahrygg er lítið um smáfisk og þar fæst stærsti fiskurinn.



6. mynd. Lengdardreifing á gullaxi eftir svæðum. Mest er um smáan gullax SV-lands (1 og 2) en minnst SA-lands (4).



7. mynd. Gullfaxfli við Ísland.

Mikil lengdardreifing er í afla bæði djúpt og grunnt. Þó er mest um smáfisk og minnst um stóran fisk grynnt en það snýst við með auknu dýpi þannig að meðallengd gullfax vex með auknu dýpi.

Þyngd er mjög svipuð hjá báðum kynjum við sömu lengd og vegur 41 cm langur fiskur að jafnaði um 0,5 kg og 50 cm langur fiskur um 1,0 kg.

Fæða

Hér við land er „matseðill“ gullfax allfjölbreyttur. Aðalfæðan er smákrabbadýr, einkum ýmsar ljósátutegundir. Mikið er einnig um marglyttu-, möttuldýra- og kambhveljutegundir. Þá eru ýmsar smáfiskategundir í fæðunni, einkum af berhausu-, gelgju- og laxsildarættum. Á öðrum hafsvæðum, t.d. við Bretlandseyjar, eru þessar fisktegundir uppistaða fæðunnar.

Óvinir

Vafalítið leggjast einhver snikju-

dýr á gullfaxinn, en það hefur lítið verið kannað enn sem komið er. Gullfax er nokkuð étinn af öðrum fiskum. Hann hefur m.a. fundist í mögum grálúðu og blálöngu.

Á seinni árum hefur maðurinn sjálfsagt orðið skæðasti óvinurinn. Hér við land hefur verið drepð mikið af gullfaxi í tengslum við karfaveiðar í tímans rás. Allra síðustu árin er farið að stunda gullfaxveiðar í allnokkrum mæli.

Nytsemi

Gullfax hefur alla tíð veiðst samhliða karfa, oft í umtalsverðum mæli, en aflinn var ekki hirtur. Íslenskir togarar, sem sigldu með aflann á markaði erlendis munu þó einstaka sinnum hafa tekið með smáslatta af gullfaxi úr síðustu togunum fyrir siglingu. Lítið mun hafa fengist fyrir þennan gullfax. Við stækkun möskva í vörpum dró heldur úr gullfaxi sem meðafla, en hann smýgur vel möskva. Hætt er þó við að

mikið af þeim gullfaxi sem smýgur möskva drepist, því hann er mjög laushreistra. Áður fyrr voru karfaveiðar einkum stundaðar á sumrin, en eru nú stundaðar allt árið. Veiðialag á gullfaxstofninn hefur því verið nokkurt, þótt hann hafi ekki verið nýttur.

Á níunda áratugnum var farið að sýna veiðum á þessari tegund nokkurn áhuga og tilraunaveiðar hófust. En það er ekki fyrr en nú allra síðustu árin að gullfaxveiðar hafa verið stundaðar að nokkru marki enda rauk aflinn upp á skömmum tíma.

Aflinn er frystur hausaður og slógdreginn eða heilfrystur um borð. Einnig er nokkuð um að unninn sé úr honum marningur til útflutnings en hann þykir sérstaklega góður til framleiðslu á fiskfarsi í búðinga og bollur.

Heilfrysti og hausaði gullfaxinn er einkum seldur til Rússlands og Póllands en marningurinn til Noregs og Frakklands.

Heimildir og ítarefni

Árni Friðriksson. 1937. *Um gulllax* (*Argentina silus* Asc.). *Náttúrufræðingurinn*, 7. árg. bls. 72–78

Bjarni Sæmundsson. 1926. *Íslensk dýr I. Fiskarnir*. Reykjavík, Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, bls. 376–379

Gunnar Jónsson. 1992. *Íslenskir fiskar*. Reykjavík, Fjölva útgáfan, bls. 192–194

Jutta V. Magnússon. 1990. *Ageing and age composition of silver smelt (*Argentina silus**

Asc.) in Icelandic and East Greenland waters. ICES C.M. 1990/G: 42. 9 bls.

Jutta V. Magnússon. 1996. *Greater silver smelt, *Argentina silus* in Icelandic waters*. *Journal of Fish Biology* 49, (Supplement A), bls. 259–272.

Jutta V. Magnússon. 1998. *On Silver smelt (*Argentina silus*) in Icelandic waters*. ICES C.M./G: 39

Jutta V. Magnússon. 2000. *Gulllax við Ísland*. Hafrannsóknir, 55 (í prentun).

Karl Gunnarsson, Gunnar Jónsson, Ólafur K. Pálsson. 1998. *Sjávarnýtjar við Ísland*. Reykjavík, Mál og menning, bls. 153–154

Vilhelmína Vilhelmsdóttir. 1976. *Langhalar, gulllax og aðrar fisktegundir á djúpslóðum*. *Sjávarfréttir*, 4. árg. No. 7

Vilhelmína Vilhelmsdóttir. 1992. *Vannýttir djúpsjárvarfiskar*. *Sjómannadagsblað Neskaupstaðar* 1992, bls. 77–85.



ISBN 9979-0-0539-4